

Nr. 104 / 12 Árni Friðriksson RE 200***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2350 IMO nr. 9192404
Smíðaður: Chile 2000, stál
Stærð: 980 brl. 2233 bt.
Mesta lengd: 69,9 m Skráð lengd: 62 m
Breidd: 14 m Dýpt: 10,3 m
Vél: Caterpillar 4408 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 24



Árni Friðriksson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. september 2012 var rannsóknarskipið Árni Friðriksson RE 200 á siglingu á Dornbanka. Veður: NA 12 m/sek

Skipverji var að fara úr stakkageymslu þegar hann féll og lenti á bobbingarennu á togþilfarinu. Höfuð hans lenti á brúninni og fékk hann skurð á hægri kinnbein.

Slasaði komst af sjálfsdáðum aftur inn þar sem hann var tekinn til skoðunar og gert var að sárinu. Hann fékk mikinn höfuðverk og sjóntruflanir í kjölfarið og eftir samráð við lækni var þyrla send eftir slasaða.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.